



Ólafur Kvaran
og Guðbjörg
Kristjánsdóttir
skrifa um
myndlist



Nordisk textil- triennale 1976-77



Þorbjörg Þórðardóttir: Lífsmynstur konunnar.



Og enn lækkum við verðið. Í samræmi við tollalækkun frá 1. janúar sl. lækkum við teppabirgðir okkar þannig að þér getið strax í dag valið teppi á hinu nýja útsöluverði.

Og við bjóðum eftir sem áður mesta teppaúrval borgarinnar á einum stað. Þér getið valið úr um 70 stórum tepparúllum eða um 200 mismunandi gerðum af hinum vinsælu dönsku Weston teppum.

Opið til kl. 7 á
föstudögum.


Lokað á laugardögum.



Jón
Loftsson hf.

Hringbraut 121

Símar: 10600 — 28603



Asgerður Búadóttir: Is og eldur

Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum sýningin Nordisk Textiltiennale, eða Norræn veflist, og eru alls sýnd 116 verk eftir 95 listamenn. Sýningin var valin af dómnefnd veflistarmanna, sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúi Íslands í dómnefndinni var Asgerður Búadóttir.

Norrænn þverskurður

Í sýningarskrá Norrænu veflistarsýningarinnar kemur m.a. fram, að eitt meginmarkmið sýningarinnar sé að leggja áherslu á stöðu veflistar og jafnframt að leitast við að draga fram í dagsljósið verk listamanna, sem hingað til hafa ekki átt þess kost að koma verkum sínum á framfæri eftir hefðbundnum leiðum. Alls munu sýningarnefndinni hafa borist líðlega 600 verk, svo ætla má að sýningarhugmyndin hafi vakið mikinn áhuga meðal veflistarmanna. Sem að líkum lætur er þetta margbreytileg sýning bæði hvað snertir vinnuáferðir og myndefni. Hér er myndvefnaður, röggvarteppi, ásaumur, tauþrykk, „patchwork“, batik, prjón og góbelin, svo eitthvað sé nefnt. Hvað myndefni varðar þá má með nokkurri alhæfingu greina þau í þrennt: abstrakt verk, hlutvakinn verk er gjarna hafa að forsendu náttúruhrif, og raunsæ verk, þar sem rekin eru félagsleg erindi.

Abstrakt verk

Ef einhver ein myndgerð er ráðandi á sýningunni, þá eru það abstrakt eða óhlutlæg verk. Þrátt fyrir ólíka tækni og efnismæðferð, þá eru þau flest unnin á tvisviðum fleti þó t.d. „textil-skulptúr“, Kazuoko Tamaru, sé hér skemmtileg undantekning. Við skoðun þessara verka er það sláandi hve stór hluti þeirra stendur hugmyndalega nálægt því, sem gert hefur verið í málalísi undanfarna áratugi. Hér má t.d. nefna sterk áhrif frá geómetrísku flatarmálverki, í verkum Lette Thyssen, Kristin G. Jensen, Rut Malinovski, áhrif opistar í verkum Maija Lavonen eða ljóðrænnar abstraktsjónar í verkum Kari-Björg Ile. Við skoðun þessara verka og fleiri áþekkra, þar sem lítt gætir nýsköpunar í forminu og lítið er lagt upp úr sérgildi efnisins, er sú spurning raunar áleitin, hvers vegna þessi erfiði og tímafreki tjáningarmiðill, sem veflistin er, verði fyrir valinu. Þeir listamenn, sem vinna út frá óhlutlægum forsendum og án efa eiga hér áhugaverðustu verkin,

eru Irma Kukkasjärvi, Anker Aurdal og Asgerður Búadóttir. Asgerður sýnir hér tvö vefnaðarverk „Is og eld“, unnið í ull og hrosshár. Í efnismæðferð sinni teflir hún saman sviflétum hárum á móti þéttum grunni, og öll formgerð hennar býr yfir hnitmiðun og einstakri fágun í handbragðinu. Röggvarvefnaður Irmu Kukkasjärvi býr yfir gjörólikum eiginleikum, þar sem grófleika efnisins er teft saman á kraftmikinn hátt, svo niðurstæðan er óvenjulega kynngimagnaður myndheimur.

Náttúrulýsingar — raunsæi

Náttúrulýsingar af ýmsum toga eru nokkuð fyrirferðarmikill þáttur. Í þessa veru má tilgreina verk Prikko Hammarberg, sem einkennast af þungri og efnismikilli litaverkun og verk Brittu Tyrefors. „Avsked till en mark“, en fersk náttúrulýsing hennar hefur yfir sér létta og ljóðræna blá.

Íslensku listakonurnar Þorbjörg Þórðardóttir og Sigrún Sverrisdóttir hafa nokkra sérstöðu hér á sýningunni, þar eð þær taka fyrir félagsleg málefni, og þá einkum þau er varðar þjóðfélagsstöðu konunnar. Þorbjörg fjallar í „Lífsmunstur konunnar“ um lífshlaup hennar frá brúðkaupi til elli, en Sigrún bregður ljósi á undirokun hennar og notar til þess á hugvitsamlegan hátt „karla-tákn“ um innilokun og bælingu. Enda þótt þær Sigrún og Þorbjörg hafi sérstöðu hér á sýningunni með þessum myndefnum, sem þær setja fram á raunsæjan hátt, má þó ekki túlka það svo, að þær séu einstæðar í norrænni list (þó sýningin sé norrænt úrval). Staðreyndin mun víst vera sú að margir sænskir veflistarmenn sem einkum reka félagsleg erindi í verkum sínum neituðu að taka þátt í sýningunni, þar eð þeim fannst hana skorta skilgreint markmið.

Hvað speglar sýningin?

Það eru vissulega ýmsar spurningar sem vakna við skoðun þessara samantektar á norrænni veflist, t.d. hvort hér sé um að ræða raunhæfan þverskurð af því áhugaverðasta, sem er að gerast í dag í norrænum myndvefnaði og enn fremur hvort finna megi einhver sameiginleg einkenni, er kalla mætti norræn. Varðandi fyrri spurninguna er erfið að slá neinu föstu, en ef tekið er mið af þeim mikla fjölda verka sem dómnefndinni barst, þá verður að telja að sýningarhugmyndin hafi fallið í góðan jarðveg, og í trausti þess að dómnefndin hafi ekki sýnt

Framhald á 22 síðu.

Svava

Framhald af bls. 7.

Er eiginkonan ómagi?

En við skulum sjá, hvernig viðurkenningin á starfi húsmóðurinnar kemur út, skv. síðalög máli þessa frumvarps, ef hún fellur frá. Segjum, að húsbóndinn hafi 2 milj. í tekjur. Konan vinnur heima. Þau eiga eitt barn. Skv. frv. ættu þau að greiða í skatt 52,4 þús. kr. En ef hún fellur frá, þá kemur nú fyrst í ljós, hvíllik byrði hún var á heimilinu og ekki nema von að töluverð skattvilnun fengist hennar vegna, því að við fráfall hennar verður skattur eiginmannsins 263,7 þús. kr. eða 211,3 þúsundum meiri en meðan hún var á lífi. Það er, sem sagt, talið, að ráðstöfunartekjur mannsins aukist svona gífurlega, þegar þessi kona er ekki lengur á hans framfæri.

A þessum sömu forsendum, mætti líka spyrja, hvers vegna hátekjumaður á að lækka í sköttum skv. frumvarpinu af þeirri einu ástæðu, að eiginkona hans vinnur heima. Er vinnu-framlag þessara kvenna virkilega svo lítið, og kostnaður við uppihald þeirra svo mikill að það þurfi að létta skattabyrði á þessum mönnum?

Og úr því þessir menn sjá ekki verðmættaukann af vinnu heimavinnandi húsmóður, þá er ekki von að þeir viðurkenni þann kostnaðarauka, sem úti-vinnandi hjón bera vegna heimilishalds, né hinnar sérstöðu aðstæður einstæðra foreldra.

Mér sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu, að tekin sé upp sérsköttun hjóna á launatekjum og séreign. Millifæra má persónu-afslátt milli hjóna, ef annað hjóna er tekjulítið eða tekjulaust, til þess að persónuafslátturinn nýtist til fulls. Og sjálf-sagt er einnig að ræða, hvort þjóðfélagið á að meta störf heimavinnandi framfæranda, en þá verður það mat að taka mið af raunverulegum störfum hans sjálfs. Ein leið væri að viðurkenna þessi störf með tryggingagreiðslum, og yrði þá t.d. bundið við, að framfæranda-inn kæmist ekki út af heimilinu vegna umönnunar ungra barna, sjúklinga eða aldraðra foreldra. En þá er hætt við, að þær greiðslur yrðu skattskyldar. — En hér er ekki rúm til að fjölyrða um það.

Eitt er vist: þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar er svo hlaðið kvenfyrirlitningu, að það eitt ætti að nægja ríkisstjórnar-flokknum til stórafellis í næstu kosningum

Verkalýðs-barátta

Framhald af bls 8.

yndi, býr með vissum hætti í haginn fyrir sósíalísmann.

Við skulum nefnilega athuga það, að kapitalisminn er þrúgandi afli sem brýtur niður mannleg verðmæti, ræðst gegn því mannlega eðli sem fortíðin hefur áskapað nútíðarmannin-

um. Kapitalisminn leitast við að jafna allt út, gera einstaklingana að tannhjólum í vélasam-stæðu sinni, án frumkvæðis og sjálfstæðis. Allir þeir andlegu straumar sem varðveita hið erfða manneðli, fjölbreytileik þess og grósku, eiga að geta verið sósíalísmannum hallkvæm-ir.

Þetta hafa íslenskir sósíalistar skilið, enda ráðast þeir ekki gegn sérkennileik íslensks hugsunarháttar, ekki einu sinni þeim hliðum sem koma fram í formi ofskynjana og hjátrúar. Við erum öll haldin af ýmsum bábiljum og megum vera það. Sósíalísminn er að visu skynsemishyggi, en nakin skynsemistrú bjargar öngvu frekar en önnur trú. Bjartsýni á möguleika mannsins í hörðum heimi nærast nefnilega best á þeirri rökvisi sem á sér tilfinningalegar forsendur. Hér á við að höfða til þeirrar ofstækisfullu þjóðernisstefnu sem er kjölfesta allra íslenskra sósíalista, en hún er jafnframt það eitt sem getur gert íslenskan sósíalísmann hlutgengan í alþjóðasamfélagi sósíalískra hugsjóna. Sósíalískt samfélag verður aldrei byggt nema á þjóðríkisgrundvelli, og styrkleiki sósíalista í hverju einu landi er besta hjálpin sem þeir geta veitt kúgaðri alþýðu allarra landa.

Eining persónu og hlutverks.

Sósíalískur verkalýðsflokkur ris því aðeins undir nafni að pólitík hans sé stéttabarátta skilgreind svo, að hún fylli uppi þann samfélags- og þjóðar-ramma, sem ég rissaði upp hér að framan. Það gerir harla fjölbættr kröfur, bæði til hvers flokksmanns og til samheldni þeirra í ákvörðunum og átök-um. En fyrst og síðast gerir það kröfur til skilnings á mismuninum milli mannsins sem manns og þess hlutverks sem auð-magnið þvingar okkur til að leika í stéttskiptu þjóðfélagi. Hér verður aðskilnaður persónu og hlutverks, en í sósíalísku þjóðfélagi á enginn að þurfa að taka að sér hlutverk gegn persónuleika sínum.

Fátt fær betur skýrt þetta flókna mál en hnitmiðuð þjóðfélagsgagnrýnin list. Þess vegna er hún innlegg í stéttabaráttuna alveg á borð við sigursælt verkfall. Ef ég má koma með dæmi um það hvað ég á við, vil ég leyfa mér að full-yrða að Svava Jakobsdóttir og leikhópur Brietar Hédinsdóttur séu að vinna álíka afrek með Æskuvinum og Dagsbrúnar-menn hafa gert í hinum harðvít-ugustu átökum undir forystu Eðvarðs Sigurðssonar og Guðmundar Joð.

Hjalti Kristgeirsson.

Allt í röð

Framhald af bls. 9.

eins og vakandi auga guðs, þegar einhver úr hjörð hans lendir í vanda. En folkið æpti ókvæðisörð að fasistunum: Engin fasistalög-regla, engin kommúnistalög-regla! Frelsi! Frelsi!

Í sama mund leystist keðja flokkslögreglunnar, þegar hún heyrði að henni var jafnað við fasistalögregluna, og félagarinn hlupu um og hrópuðu: Alþýða, verkamenn, ró og spekt! Súsað var á lýðinn, eins og smábörn í kirkju.

Ert þú einhver lögga? heyrði ég einhvern spyrja eldri mann í

Sjötugur í dag

Jónas Ásgeirsson

Þá minnst ég Jónasar Ásgeirssonar er ég heyri getið manns, sem gagntekinn er hreinræktadri söngvagleði. Og þegar almanakið sýnir hann sjötugan, fá því fæstir trúnað, að svo mörg ár hafi hann að baki, því að léttur er hann í spori, þrátt fyrir langa ævi við slit-lausa vinnu.

Kynni okkar Jónasar eru nú orðin löng. Minnst ég ekki þess að hafa nokkru sinni kynnst jafn dyggðaríkum manni sem hon-um. Traustur er hann í allri félagslegri samvinnu, ávallt reibubúinn að leggja lið góðu málefni, ósérhlífinn orðvar og glaðsinna. Vinátta hans er vott-ur skapfestu, og tryggðin er óhagganlega greytt í vamm-lausa vitund hans.

Margir eru þeir kórar, sem notið hafa kraffa Jónasar, ekki aðeins söngsamtök í ættarbyggð hans á Stokkseyri heldur einnig söngfélög í Reykjavík, svo sem Söngfélag verkalýðsamtakanna

í Reykjavík, Fríkirkjukórinn, Alþýðukórinn og Arnesingakórinn. Bæði söngstjórar og söngfé-lagar aðrir hafa ætíð séð í Jóna-si ekki aðeins ágætan liðs-mann, sem alltaf var viðlátinn, heldur einnig mannkostaper-sónu, sem aldrei skarst úr leik, hvorki á æfingum, uppfærslum, fundum eða á félagsskemmtun-um. Alltaf var Jónas fastur punktur félagslegrar tilveru, sem aldrei brást.

Jónas hefur sér til mikils yndisauka náð þeirri leikni á stofuorgel, sem nægir til þess að eignast aðgang að íslenskum söngvasjóði og í þeim tilgangi hefur hann komið sér upp nótnasafni sem er ótrúlega yfir-gripsmikið, svo að flestar útgáf-ur munu finnst meðal íslenskra nótnabóka hans.

Að endingu óska ég þess, að Jónas eigi eftir að gleðja söng-gyðjuna sem lengst bæði í sam-söng og söfnun. Létt er geð manns, sem sönginn hefur að



óbrigðulur förunaut. Svo mun Jónasi farnast, að tónarnir tryggi honum ávilangt innihald fróunar og festu, svo að allar hans tómstundir auðgi tilgang lífs. Slíkir menn eru gáfumenn. Dr. Hallgrímur Helgason

þvögunni með rauðan borða. Nei, ég er starfsmaður flokksins. Hvers vegna ertu þá að reyna að sefa, eins og fasisti? Ég er kunn-ingi hinna myrtu, félagi. Þeir féllu í nafni laga og réttar.

Með þessu móti verðum við öll murkuð niður, einn í einu, Hefnd! Hefnd! hrópaði mannfjöldinn. En ekkert gerðist annað en það, að líkbláir hertu nú ferðina og þustu austur Alcalagötu, eins og þeir væru að ræna lýðinn ástæðu til uppþota. Og þegar líkum hafði verið rænt, tvístraðist rugl-aður mannfjöldinn. Hópur jarpskrara túrista hljóp vopnaður myndavélum yfir breiðgötuna með miklu tisti. Þetta batt enda-hnúttinn á allt og beindi athygli fólksins að hinum furdulega túristalýð.

Skömmu seinna var eins og allt bílalið borgarinnar hefði skyndi-lega komið úr skíðaðferðunum. Tryllt umferð hófst á ný. Mengunin jókst. Göturarnar fylltust af fólki. Verslanir drógu járn-grindur frá gluggunum og janúarútsölurnar blöstu við. Frúrarn í hinni háborgaralegu Serranagötu komu málaðar út í dyrnar, sumar lítið annað en and-litsfarðinn og pelsinn, og fóru í tiskuverslanir. Einkenniskleddir dyraverðir horfðu á götuna. Fólk-ið keypti kvöldblöðin. Rauða hættan var líðin hjá. Hún leystist upp eins og gerfilituð þoka. Umferðin leyndi aftur skít borgarinnar. Allt var komi í röð og reglu, að minnsta kosti á yfir-borðinu og í hinni nýþvegnu neðanjarðarbraut. Líkin komust heilu og höldnu út í kirkjugarð.

Madrid, 26. janúar 1977.

Klukkan er hálfnú að kvöldi.

Höggmyndir

Framhald af 11. síðu.

glímur listamaðurinn við sömu viðfangsefni, en óneitanlega falla þessi verk í skuggann fyrir högg-myndunum.

Í heild má segja, að Helgi hefur náð góðum árangri í mótun mannslíkamans í leir og stein-

steypu. Still hans er perónulegur, þótt ekki sé hann laus við nokkur skólaáhrif, enda mörg verkanna unnin á skólaárunum. Samt er sýningin hin athyglisverðasta, hún ber þess merki, að markvisst er tekið á við ákveðin úrlausnar-efni.

Guðbjörg Kristjánsdóttir.

Nordisk

Framhald af bls. 10.

of mikla varfærni í vali sínu, má vissulega draga þá ályktun, að hér sé saman komið raunhæft úr-val, þó að sænsku listamönnum fráöldum, er höfnuð aðild að sýningunni. Eithvað sem kalla mætti norræn einkenni er í fljótu bragði erfitt að koma auga á, þó virðist það vera flestum sameig-inglegt að vinna á tvívíðum fleti, og lítið fer fyrir þrívíddar-verk-um eða „textil-skulptúr“ (sem t.d. er þekktur úr pólskri veflist).

Aftur á móti er óhætt að draga þá ályktun, að íslenska framlagið hér — þó lítið sé að magni — standist fyllilega samanburð við önnur verk á sýningunni.

Ólafur Kvaran.

Hreinsunar-eldur

Framhald af 17 síðu

steini. Þegar menn sáu hve það var miklu ljótara en timburhúsið frá 1898 var ljóst að fjarlægja yrði gamla húsið.

Það er erfitt að gagnrýna háyfirvaldsins tilskipanir, en í til-efni 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi, var jarðbíta látin slétta úr bænum að Sandfelli í Öræfum, þó þar hafi verið landnámsstaður, prestssetur og kirkja í aldarabir. Tveimur árum síðar er prests-setrið fyrirverandi á Kirkjubæ í Hrðarstungu brennt til kaldra kola. Báðar voru jarðir þessar kirkjujarðir í aldarabir, en eru nú komnar í eigu ríkisins. Í báðum þessum tilvikum var farið eftir „helgisíðabók“ séra Gísla Brynjólfssonar. Sú niðurriks-

stefna sem nú er uppi með gömlu prestsseturshúsin minnir á það þegar kristnin var lögtekin, þá töldu kristnir menn sér skylt að eyðileggja hof heiðinna manna. Legar Lúterstrúarmenn höfðu sigrað, tóku þeir að brjóta niður þau tákni er minntu á kaþólskan sið, og þá voru haldnar miklar bóka- og skjalabrennur, einkum þar sem klaustur höfðu verið, svo hinn fyrri siður endurnýjaðist ekki. Nú þegar sagnaritarar söguþjóðarinnar vinna að 1100 ára sögu landsins þá er oft erfitt að geta í eyður vegna fyrrnefndra hreinsana er gengið höfðu yfir.

En á seinni hluta tuttugustu aldar sitja í stjórnnarráði Íslands menn sem gefa út tilskipanir um, að eyðileggja arfleifð þjóðarinnar í byggingum úr torfi og timbri. Þegar sagnaritarar koma að tuttugustu öld, gætisvo farið að með húsum þessum hafi glatast upplýsingar um húsagerð og mannlíf, vegna vanmats ráðamannanna. Það er afar mikið atriði að ljósmyndari og þjóðháttafræðingur verði á undan jarðytunni þegar fjarlægja á gömul hús.

Brýn ástæða væri til að auglýsa aðgerðina áður en slík embættis-verk eru unnin, t.d.

Þar sem gamla prestssetrið að Kirkjubæ er svo lélegt, að það verður ekki lengur notað, til-kynnist hér með, að það verður fjarlægt næsta haust.

Umráðendur.

Þegar slík auglýsing hefur verið birt í Lögbirtingablaði og blöðum þess landshluta, þar sem viðkomandi bygging er, þá geta þeir sem áhuga hafa gert sínar athuganir. Mætti ekki nota þá peninga sem það kostar að setja jarðbíta á bæina og hreinsa upp brunaleifar, til þess að teikna hin gömlu prestssetur? Hér er sleppt að rekja þá sorgarsögu sem niðurriks gamalla kirkna er. Hvaða prestssetur á að brenna næst? Hvenær er von til að þessi niðurriksferðir að gömlum prest-setrum taki enda?

Auðun H. Einarsson

Kúbanskt tónlistarkvöld

Í kvöld, sunnudag, kl. 20.30, efna Vináttufélag Íslands og Kúbu og Funda- og menningamálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands til tónlistarkvölds í Stúdentakjallaranum við Hringbraut (Gamla garði). Þar verður ný kúbönsk tónlist leikin af plötum og Ingibjörg Haraldsdóttir kynnir. Allir áhugamenn um tónlist velkomnir. Aðgangur ókeypis.

VÍK

SHÍ

FRÚARLEIKEMIN

MORGUNTIMAR
DAGTIMAR — KVÖLDTIMAR
LJÓSA — LJÓSA — KAFFI — NUÐ
INNRIÐ OG UPPLÝSINGAR Í SÍMA 83295
ALLA VIRKA DAGA KL. 13-22

Júðódeild Ármanns
Ármúla 32